

Skipta UFS þættir máli við ákvarðanatöku íslenskra stofnanafjárfesta?

María Ásdís Stefánsdóttir Berndsen

Ástæða rannsóknar

- Síaukinn samfélagslegur áhugi á umhverfispáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) í starfsemi fyrirtækja og fjárfesta
 - Aukinn þrýstingur
 - Áhugi fræðasamfélagsins
- Í þessari rannsókn var tekið til skoðunar
 - hvort/hvernig íslenskir stofnanafjárfestar meta fjárfestingarkosti út frá UFS þáttum
 - með hvaða hætti er haldið utan um eignasöfn
 - hvernig hlutverk virks og ábyrgs fjárfestis er ræktað
- Markmiðið var að
 - varpa ljósi á þær aðferðir og mælikvarða sem íslenskir stofnanafjárfestar beita við mat fjárfestingarkosta út frá UFS sjónarmiðum
 - skoða samskipti stofnanafjárfesta og hins fjárfesta
 - skoða hvort/hvernig stofnanafjárfestir beitir sér til að ná fram áherslum eigendastefnu sinnar

Skortur á stöðlum og samræmingu

- Árið 2018 voru yfir 600 matsfyrirtæki sem gáfu út UFS mat
- Skortur á stöðlum sem ná yfir það hvað á að meta og hvernig
- Ólíkt því sem gerist annars staðar í fjármálaheiminum virðist aukin upplýsingagjöf leiða til aukins misræmis milli matsaðila þegar kemur að ófjárhagslegum upplýsingum og UFS
- Af þessum sökum eru aðilar ekki á einu máli um það hvort það að beita UFS viðmiðum við mat á fjárfestingakostum hafi jákvæð áhrif á afkomu eða ekki

Rannsóknarspurningar og aðferð

- Hvernig meta íslenskir stofnanafjárfestar fjárfestingakosti áður en ákvörðun er tekin um hvort eigi að fjárfesta?
- Hvaða eftirfylgni / samskipti hafa íslenskir stofnanafjárfestar við þau fyrirtæki eða sjóði sem þeir eiga hluti í?
- Eigindleg rannsókn þar sem tekin voru tíu viðtöl á tímabilinu apríl til júní 2021
 - Fimm viðmælendur í stjórnunarstöðum hjá íslenskum lífeyrissjóðum
 - Einn viðmælandi í stjórnunarstöðu hjá íslenskum fjárfestingasjóði
 - Einn viðmælandi í stjórn íslensks lífeyrissjóðs
 - Einn viðmælandi í stjórn íslensks fjárfestingasjóðs
 - Einn viðmælandi í stjórn dansks lífeyrissjóðs
 - Einn viðmælandi danskur fræðimaður á sviði ábyrgra fjárfestinga
- Fyrirfram mótaður, half-staðlaður viðtalsrammi, sem var uppfærður og skoðaður fyrir hvert viðtal

UFS mat íslenskra stofnanafjárfesta

- Íslenskir stofnanafjárfestar eru almennt jákvæðir í garð þess að meta fjárfestingakosti út frá UFS viðmiðum
- Samþætting UFS viðmiða er orðinn hluti af mati á áhættu
- Trú á að mat fjárfestingarkosta út frá UFS auki arðsemi fjárfestingarinnar
- Skortur á upplýsingum flækir málið
 - Hvaða upplýsingar á að nota?
 - Hverju er að treysta?
 - Hafa trú á að ný Evrópulöggjöf verði til bóta
- Matskvarðarnir eru óljósir, vanþroska eða einfaldlega ekki til

„En ég held að við ættum að passa okkur svolítið svona í að... svona allir eru að búa til glansmynd í samfélagsskýrslunum og öðru og hérna og lesa þetta með smá fyrirvara...” (IS8)

Samskipti við hið fjárfesta

- Samskipti íslenskra stofnanafjárfesta við fyrirtæki og sjóði sem þau hafa fjárfest í virðast nokkuð formleg og einkum fara fram með kosningu á hluthafafundum eða í gegnum samskipti við tilnefningarnefndir í aðdraganda stjórnarkjörs
- Það er þó ekki algilt, sumir eiga í reglubundnum samskiptum við fyrirtækin og eiga samtál við stjórnendur meðan aðrir framkvæma kostgæfnisathugun á innlenda eignasafninu árlega
- Þegar eitthvað bregður út af beita allir stofnanafjárfestarnir sér og hafa frumkvæði að samskiptum við fyrirtækin
 - Reyna að beina á jákvæða braut
 - Þrautarlending að selja eignarhlut
- Skortur á gagnsæi

Staðan?

- Þegar kemur að því að samþætta UFS inn í fjárfestingaákvæðanir eru íslenskir stofnanafjárfestar ennþá í startblokkunum
- Takmörkuð samskipti við fyrirtæki / sjóði
- Það er mikið óunnið og mörg tækifæri til að gera betur
 - Þolinmæði
 - Enn að læra
 - Auknar kröfur um árangur og aðgerðir